

# Fundargerð

*Bogfimisamband Íslands BFSÍ*

Dagsetning: **31.10.2022**

Fundinn sátu: **Guðmundur Örn Guðjónsson, Astrid Daxböck og Oliver Ormar Ingvarsson, Albert Ólafsson sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Valgerði Einarsdóttir Hjaltsted var boðið til fundarins með málfrelsi og tillögurétt sem fastráðnum starfsmanni BFSÍ. Haraldur Gústafsson tilkynnti óvænt forföll þegar fundur hófst.**

Fundargerð ritaði: **Oliver Ormar Ingvarsson**

Fundur settur kl. **21:14**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

## 1. Samþykkt fundargerða fyrri stjórnarfunda

1.1. Stjórnarfundur 10.06.2022, fundargerð fylgir fundarboði.

1.1.1. Albert óskaði eftir breytingu á orðalagi í einum lið.

1.1.2. Breytingar tillaga samþykkt einróma

1.1.3. **Fundargerð samþykkt einróma**

1.1.4. Starfsmenn birta samþykktu fundargerð á vefsíðu sambandsins.

## 2. Staða/framkvæmd verkefna af fyrri fundum.

2.1. Ráðning starfsmanna í afreksstarf (hæfileikamótun) – Í vinnslu

2.2. Reglugerðir samþykktar á síðasta fundi birtar á vefsíðu – Lokið

2.3. Breytingar á stjórn hjá RSK, ÍSÍ og WA – RSK Ólokið, ÍSÍ og WA Lokið

2.4. Uppgjör tengt OS þjálfaranámskeiði – Lokið

2.5. Sportabler aðgangur – Lokið

## 3. Samþykkt á milli stjórnarfunda

3.1. Niðurstöður úr vali BFSÍ á Íþróttafólki ársins 2022 eftir ferli í reglugerð um Íþróttafólk ársins samþykkt einróma í tölvupósti – 29.10.2022

## 4. Tillaga um samþykkt allra tillaga í fundarboði án breytinga:

(stjórn óskaði eftir því að þessum lið yrði bætt við á stjórnarfundum 22.12.2021) Tilgangur þessarar tillögu er að ef að sátt er þegar til staðar um öll atriði og forsendur þeirra, í ítarlegu fundarboði sem formaður sendir út, að mögulegt sé að samþykkja allar tillögur í fundarboði einu bretti og ljúka fundi fyrr. Ef tillagan er samþykkt einróma þá telst allt neðangreint samþykkt í samræmi við fundarboðið og er þá farið beint í liðinn „Önnur mál“. Ef tillagan er ekki samþykkt einróma verður farið yfir hverja tillögu í fundarboði fyrir sig, lið fyrir lið.

4.1. **Formaður fer í stuttu máli yfir allar tillögur í fundarboði.**

4.2. **Opnað fyrir umræður um tillögu:**

4.2.1. **Albert gjaldkeri bendir á að skoða þurfi fjármálin ítarlega s.s. vegna óvissu um launa kjarasamninga og þar sem óljóst er með fjárhæðir frá Afrekssjóði ÍSÍ að svo stöddu.**

4.2.2. Íþróttastjóri bendir á að samkvæmt reglugerð um erlenda viðburði hafi hann þurft að leggja fyrir grófar áætlanir í október, þar sem ekki allar upplýsingar hafa borist en til þess að skapa fullnægjandi drög, því eru þau mjög gróf. Þess vegna var fundurinn haldinn á síðasta degi mánaðarins í von um að upplýsingar bærust fyrir lok október. Það sakar ekki að gróf drög séu lögð fyrir í október þar sem það er góður undirbúningur fyrir umsóknina.

4.2.3. Engin annar óskaði eftir orðinu.

4.3. Tillaga samþykkt einróma

4.4. Ákvarðað var að formaður boði annan stjórnarfund eftir að upplýsingar um Afrekssjóð ÍSÍ hafa borist og íþróttastjóri hefur skapað drög umsóknar.

## 5. Tillaga að breytingum á Afreksstefnu BFSÍ fyrir Bogfimiping 2023:

Í samræmi við það sem ritað er í Afreksstefnu BFSÍ skal hún endurskoðuð eigi síðar en á haust mánuðum fyrir Bogfimiping. Íþróttastjóri vill leggja til nokkrar breytingar á Afreksstefnu BFSÍ, einnig vegna ábendinga starfsmanna ÍSÍ um hvar mætti betur gera við síðustu yfirferðar ÍSÍ á Afreksstefnu BFSÍ. Flestar breytingarnar eru smávægilegar, dæmi um breytingar eru s.s. samhæfing og lagfæring á orðalagi (íþróttafólk í stað einstaklinga og slíkt), flokkun fleiri landsliðsverkefna í „Skilgreiningar á verkefnum“ í samræmi við skýrsluskil „Skilgreininga sérsambanda“ til ÍSÍ fyrr árinu, breytingar á orðalagi tengt reglubreytingum hjá WA (s.s. tengt fjölda sem halda áfram í lokakeppni), útskýringu á niðurstöðum í einstaklingsíþróttum bætt við til skýringar, markmið umorðuð og sameinuð til einföldunnar (s.s. HM/EM markmið sameinuð í A landsliðsverkefni markmið) og eitt illmælanlegt markmið fjarlæggt. Efnislegar breytingar eru ekki miklar og Afreksstefnan stendur að mestu óbreytt.

Íþróttastjóri leitað til þriggja Afreksmanna úr þremur mismunandi keppnisgreinum (bogaflokkum) og úr þremur þátttökumestu aðildarfélögum BFSÍ í afreksstarfi til þess að lesa yfir breytingartillögurnar, Alfreð Birgisson, Guðbjörg Reynisdóttir og Valgerður E. Hjaltested sem höfðu engar athugasemdir við breytingarnar.

Starfsfólk ÍSÍ er að lesa yfir breytingartillögurnar og meta breytta Afreksstefnu BFSÍ á ný. Ef starfsfólk ÍSÍ gefur grænt ljós á breytingarnar þá verður breytt Afreksstefna BFSÍ lögð fyrir Bogfimiping 2023 til samþykktar, ef starfsfólk ÍSÍ er með tillögur að úrbættum óskar Íþróttastjóri eftir heimild til þess að breyta því sem sett er út á og að sú útgáfa verði lögð fyrir þingið. Breytingartillagan fylgir fundarboði.

5.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

5.2. Íþróttastjóra falið að ljúka verkefninu

## 6. Tillaga um breytingar á reglugerð um íþróttafólk ársins:

Í raun er um að ræða algera endurskrift á reglugerðinni í lagalegra formi (númeraðar greinar og slíkt) og einföldun, þó svo að innihald reglugerðarinnar sé að mestu það sama.

Breytt ferli er þó í útreikningi, áður var lagt saman meðaltal allra niðurstaða í ákveðnum flokki, nú eru aðeins bestu fjórar útreiknaðar niðurstöður óháð flokki teknar saman og valið byggist á þeirri niðurstöðu. Nýja ferlið svipar að mörgu leiti til eldri útreiknings heimslista stiga hjá World Archery. Vankantarnir við uppsetningu fyrri útgáfu reglugerðarinnar voru m.a. að verri niðurstöður höfðu

mikil áhrif á heildar einkunn viðkomandi íþróttamanns og drógu góðar niðurstöður niður. Til að fá hámarks einkunn þurfti íþróttamaður að keppa í A, B, C og D verkefnum, þannig að komið gat upp að íþróttamaður sem tók þátt í öllum fjórum flokkum en var með lægri frammistöðu fékk hærri einkunn en aðili sem tók aðeins þátt í A og D verkefni. Eldra erlið var einnig ekki eins heppilegt fyrir berboga sem höfðu engin B eða C verkefni til að keppa í. Þó að þessir vankantar hafi verið til staðar er ekki áætlað að þeir hafi haft áhrif á val íþróttafólks ársins, en vel vert að lagfæra þá áður en slíkt gerist.

Aðrar smávægilegar breytingar eru m.a.: að starfsfólki BFSÍ er falið að sjá um útreikning og ferlið í stað formanns til að flýta fyrir útreikningi, vali og birtingu fréttu tengt því. Tímabilið var uppfært í 1.jan til 30.nóv til að passa við almanaksárið og að útreikningi og vali skuli vera lokið fyrir 10.des. Þetta gerir einnig auðveldara og minnkar því líkur á mistökum við að athuga t.d. hæsta skor tímabilsins í ranking listum í mótakerfi. Engin stórmót sem hafa vægi á útreikning eru haldin í desember og því hægt að samhæfa valið á niðurstöður á því ári.

Breytingin tekur gildi á næsta tímabili við val íþróttafólks ársins 2023.

Breytingartillagan fylgir fundarboði.

#### 6.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

#### 6.2. Starfsfólki BFSÍ falið að birta uppfærða reglugerð á vefsíðu BFSÍ

### 7. Afreksstarf 2023:

Íþróttastjóri leggur fyrir stjórn áætlun um áherslu landsliðsverkefni og áætlaða þátttakendur 2023 (fylgir fundarboði). Íþróttastjóri leggur fyrir drög að umsókn í Afrekssjóð 2023 (fylgir fundarboði). Íþróttastjóri leggur fyrir drög að viðmiðum fyrir val í hópa og landsliðsverkefni 2023 (viðmið er að finna á vefsíðu BFSÍ).

Ekki er búið að opna fyrir umsóknir í Afrekssjóð ÍSÍ og því ekki komnar upplýsingar um upphæðir og drögin sem lögð eru fram eru byggð á upplýsingum fyrri ára frá Afrekssjóði ÍSÍ.

Boðaður verður annar stjórnarfundur eftir að gögn hafa borist frá Afrekssjóði ÍSÍ og íþróttastjóri hefur lokið drögum að umsókn BFSÍ.

#### 7.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4 eða Samþykkt/hafnað einróma/meirihluta

### 8. Önnur mál. (Önnur mál sem kynnt eru í fundarboði, almennt ekki mál sem taka þarf ákvarðanir um, mest umræður/kynningar/upplýsingar og staða mála/verkefna sem þarf ekki að bókfæra)

#### 8.1. Gjaldkeri kynnrir 9 mánaða uppgjör.

8.1.1. Jákvæð þróun, þreföldun á innkomu og gjöldum miðað við 9 mánaða stöðu á sama tíma í fyrra. Mikil aukning á starfi, gjöld og innkoma helst í hendur í góðu jafnvægi.

8.1.2. Rætt stutt um áætlaða innkomu og gjöld það sem eftir er af árinu 2022.

#### 8.2. Íþróttastjóri fjallar stutt um Íslandsmót og Íslandsbikarmót 2023.

8.2.1. Bikarmótaraðir innandyra og utandyra verða haldnar árlega. Skráningar fyrir Íslandsmót innandyra eru opnar. Íslandsmót utandyra verða ákveðin síðar þegar alþjóðlega mótaskipulagið liggur fyrir. Áætlað að halda Íslandsmeistaramótið í Víðavangsbogfimi í samfloti við annað mót s.s. Stóra Núps mótariðina og hafa þátttökugjöld mjög lág eða engin á mótið til þess að stuðla að útbreiðslu og ástundun íþróttagreinarinnar í upphafi.

#### 8.3. Formaður fjallar stutt um íþróttafólk ársins og útreikning 2022.

8.3.1. Hafði þegar verið gert í tölvupósti til stjórnar fyrir fundinn (sjá lið 3 í fundargerð). Alfreð

Birgisson og Anna María Alfreðsdóttir úr Akri voru valin byggt á niðurstöðum úr útreikningum. Izaar Arnar Þorsteinsson, Guðbjörg Reynisdóttir, Marín Aníta Hilmarsdóttir og Haraldur Gústafsson voru valin til viðbótar sem íþróttafólk eftir keppnisgreinum. Fréttir hafa þegar verið birtar um niðurstöðurnar.

#### 8.4. Formaður fjallar um undirbúning fyrir Bogfimiþing 2023

- 8.4.1. Áætlaður staður og dagsetning – 11 mars í Íþróttamiðstöðin Laugardal, búið að bóka hjá Cafe Easy en tími og salur ekki staðfestur en sem komið er.
- 8.4.2. Ársskýrsla 2022 – Drög þegar í vinnslu um 50% lokið
- 8.4.3. Ársreikningur 2022 – Í vinnslu
- 8.4.4. Fjárhagsáætlun til 2 ára – Í vinnslu
- 8.4.5. Endurskoðun á lögum BFSÍ – Í vinnslu
- 8.4.6. Afreksstefna breytingar til samþykktar – Í vinnslu
- 8.4.7. Aðgerðaáætlun Afreksstarfs – Óbreytt kynnt á þingi (það þarf að vinna að nýrri/uppfærðri áætlun fyrir þing 2025)
- 8.4.8. Heildarstefna – Óbreytt kynnt á þingi (það þarf að vinna að nýrri/uppfærðri áætlun fyrir þing 2025)
- 8.4.9. Þingforseti – Haft verður samband við Valdimar Leó þegar tími þingsins er komin í ljós.

#### 8.5. Frammistöðumat stjórnar.

- 8.5.1. Stjórnarmenn eru mjög ánægðir samsetningu og starf stjórnarinnar, og gengi BFSÍ almennt. Formaður bendir á að stjórnarmenn séu mjög virkir í samskiptum utan funda sem er mjög jákvætt, og því ganga fundir oftast mjög fljótlega og auðveldlega fyrir sig. Stjórnarfundir séu flestir til þess að bókfæra atriði sem stjórnarmönnum eru þegar vel kunnug og sátt er þegar til staðar um meðal stjórnarmanna.
- 8.5.2. Áætlað er að skapa sniðmát fyrir frammistöðumat á Google forms í framtíðinni sem mögulegt er að framkvæma árlega. Frammistöðumat stjórnar tengist góðum stjórnháttum. Rætt var um mögulega aðkomu ÍSÍ að frammistöðumati stjórnar BFSÍ til að fá mat utanaðkomandi aðila í samræmi við viðmið NSGO.

#### 8.6. Vinna við lagabreytingar tillögur fyrir næsta bogfimiþing.

- 8.6.1. Að mestu orðalags breytingar s.s. vegna samhæfingu við breytingar á lögum ÍSÍ frá síðasta Íþróttþingi. Þó nokkrar breytingar til að mæta viðmiðum um góða stjórnhætti sérsambanda. Félagagjald fyrir 21 árs og eldri m.a. til að standa undir kostnaði ungmennalandsliða. Bogfimifélög rukka iðkendur fyrir hönd BFSÍ og greiða svo til BFSÍ félagagjaldið að BFSÍ, sem sagt væri ekki fjárhagsleg byrði á félögin (svipað og er hjá stærri sérsamböndum s.s. golfi). Áætlað að leggja til að félagsgjaldið verði 2.500.kr fyrir árin 2023-2024 á næsta þingi en að fulltrúar (iðkendana/félagana) ákveði gjaldið á þingum. Leitað hefur verið til starfsfólks ÍSÍ við að skapa lagabreytingar tillögurnar og núverandi útgáfa er í yfirlestri hjá laganefnd ÍSÍ. Einnig var rætt var um aðrar mögulegar breytingar s.s. að bæta við að félög sem eru undir 10 iðkendum séu ekki rukkuð um félagagjöld til að auka ekki byrði á þau, breyting á fulltrúa fjölda til að tryggja að hver þing fulltrúi fari með atkvæði sambærilega margra iðkenda. Málið verður tekið fyrir aftur síðar eftir að ráðleggingar berast frá laganefnd ÍSÍ um núverandi breytingar tillögurnar sem voru lagðar til.

#### 8.7. Almenn umræða um næstu og núverandi verkefni stjórnar.